

REGLUR  
um gjaldeyrismál

Drög 27.11.2008  
Alþingi  
Erindi nr. p 136/288  
komudagur 27.11.2008

1. gr.

*Fjárfesting og viðskipti.*

Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjöllum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum með erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir gildistöku reglna þessara heimilt að endurfjárfesta þeim.

Aðilum er óheimilt að gera upp viðskipti í erlendum gjaldeyri með verðbréf eða aðra framseljanlega fjármálagerninga útgefna í íslenskum krónum..

2. gr.

*Fjárfesting og viðskipti erlendra aðila.*

Fjárfestingar erlendra aðila í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréf- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjöllum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, sem felur í sér hreyfingu fjármagns til landsins er óheimil.

Óheimilt er að eiga gjaldeyrisviðskipti eða aðrar fjármagnshreyfingar í erlendum gjaldeyri með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í innlendum fjármálafyrirtækjum eða Seðlabanka Íslands.

Fjármagnshreyfingar vegna yfirfærslu eða flutnings á fjármunum frá landinu sem tengjast beinum fjárfestingum eru óheimilar.

3. gr.

*Útgáfa og sala fjármálagerninga.*

Aðilum er óheimilt að gefa út og selja verðbréf, hlutdeildarskírteini verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjöl eða aðra framseljanlega fjármálagerninga þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og íslensk króna er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í íslenskum krónum er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í íslenskum krónum á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

4. gr.

*Lántökur og lánveitingar milli innlendra aðila og erlendra aðila.*

Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta á milli landa með vöru- og þjónustu skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldreyrisyfirfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 9. gr. reglna þessara.
4. Lánssamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast um fjármagnshreyfingar, innan einnar viku frá undirskrift slíkra samninga.

5. gr.

*Ábyrgðir.*

Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð milli landa

Ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

6. gr.

*Afleiðuviðskipti.*

Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem íslensk króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris- og verðbréfasamnings eða sambærilegra fjármálagerninga.

Afleiðuviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

16. gr.

*Gildistaka ofl.*

Reglur þessar eru settar í samræmi við bráðabirgðaákvæði, með lögum um gjaldeyrismál, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda reglur þessar alla þegar við birtingu.



~~Árskjal 2008~~

27. nóvember 2008

## Minnisblað

*Viðtakandi:* Viðskiptanefnd Alþingis.

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

- Samþykki eða samráð við viðskiptaráðherra

Í 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er Seðlabankanum fengin heimild til að gefa út reglur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra.

Þetta er í ósamræmi við 3. gr. laga um gjaldeyrismál þar sem Seðlabankanum er veitt sambærileg heimild og um ræðir í bráðabirgðaákvæðinu að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sbr. 1. gr. laga nr. 36/2001 en lýtur yfirstjórn forstætisráðuneytis og bankaráðs eins og mælir nánar fyrir í seðlabankalögum.

Seðlabankinn telur að samræmi eigi að vera á milli 3. gr. laga um gjaldeyrismál og bráðabirgðaákvæðisins þannig að reglur Seðlabankans séu ekki háðar samþykki viðskiptaráðherra heldur samráði við hann.

- Yfirfærsla í erlendan gjaldmiðil vegna fjárfestingar erlendra aðila í beinum atvinnurekstri.

Í 9. gr. laga nr. 34/1991 er ákvæði þess efnis að erlendur aðili sem fjárfest hefur í atvinnurekstri hér á landi skuli eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil sem Seðlabankinn annast reglubundna skráningu á, móttækinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

Seðlabankinn telur að sá réttur sem kveðið er á um í greininni geti valdið hættu á að farið verði framhjá reglum sem Seðlabankinn mun setja um takmarkanir á fjármagnshreyfingum. Seðlabankinn telur því nauðsynlegt að þetta ákvæði verði aftengt. Lagt er því til að bætt verði inn í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðisins að Seðlabankinn geti, "... þrátt fyrir 2. gr. og 9. gr. laga nr. 34/1991" ákveðið að gefa út reglur til takmörkunar á fjármagnsflutningum.

- Leyfisgjald

Í 7. gr. laga um gjaldeyrismál er kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum til bráðabirgða og skuli þá

- ath. laga  
- óvirk  
- samráð...

Konrad